

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal x — x. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.)

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

1. gr.

Í stað orðanna „II. kafla A“ í 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: II. kafla B.

2. gr.

3. – 8. mgr. 6. gr. og 6. gr. a laganna falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Á eftir 1. mgr. 8. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þegar ráðherra hefur ákvarðað þann heildarafla sem veiða má úr einstökum nytjastofnum skv. 1. mgr. 3. gr. skulu 5,3% aflamagns í hverri tegund tekin til hliðar fyrir atvinnu- og byggðakvóta skv. II. kafla A ásamt aflamagni skv. 10. gr. b. Sama gildir um aflamagn samkvæmt lögum nr. 151/1996.

b. 3. mgr. verður 4. mgr. og orðast svo: Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 3. mgr.

c. 5. mgr. fellur brott.

d. 6. mgr. fellur brott.

4. gr.

10. gr. og 10. gr. a laganna falla brott.

5. gr.

8. mgr. 11. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Á eftir 15. gr. laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, Atvinnu- og byggðakvótar, með átta nýjum greinum, 15. gr. a – h, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

15. gr. a. Markmið atvinnu- og byggðakvóta

Aflamagn sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta samkvæmt II. kafla A., sbr. 2. mgr. 8. gr., skiptist milli eftirfarandi ráðstafana í neðangreindum hlutföllum:

1. Til að efla atvinnulíf í dreifðum sjávarbyggðum til framtíðar: 44,64%
 - a. Byggðakvóti til byggðarlaga (almennur byggðakvóti), 22,61%
 - b. Aflaheimildir Byggðastofnunar (sértækur byggðakvóti), 22,03%
2. Til að bregðast við óvæntum áföllum í dreifðum sjávarbyggðum: 8,10%
 - a. Varasjóður vegna óvæntra áfalla, 8,10%
3. Til að stuðla að fjölbreytni og veita tækifæri til nýliðunar í sjávarútvegi um land allt: 47,26%
 - a. Strandveiðar, 35,40%
 - b. Línuívilnun, 10,92%
 - c. Veiðar í tengslum við ferðaþjónustu, 0,94%
4. Tilraunaverkefni til byggðaðþróunar, sbr. heimildir 15. gr. g.

Aflamagni sem greinir í 1. mgr. er heimilt að skipta í aðrar tegundir til að tryggja æskilega tegundarsamsetningu aflamagns til hvernar rástöfunar um sig. Fiskistofa annast framkvæmdina og ráðherra skal mæla nánar fyrir um þessa framkvæmd í reglugerð, m.a. um gerð tilboða, tímafresti og magn í skiptum.

Aflamagn samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að flytja milli fiskveiðiára.

Fyrir úthlutun aflamarks samkvæmt þessari málsgrein skal útgerð skips greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

15. gr. b. Almennur byggðakvóti

Í samræmi við a. lið 1. tölul. 15. gr. a skal byggðakvóta til byggðarlaga dreift samkvæmt meðaltali byggðakvóta fyrri ára. Miðað skal við meðaltal síðustu 3 ára eða meðaltal síðustu 10 ára frá og með fiskveiðiárinu 2019/2020 eftir því hvort meðaltalið er hagstæðara fyrir viðkomandi byggðarlag. Úthlutun skal miðast við byggðarlög með að hámarki 2.000 íbúum en þó skal úthlutun lækka um 0,1% fyrir hvern íbúa umfram 1.000 og falla niður vegna byggðalaga með íbúa umfram 2.000.

Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári. Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. mgr., er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsal aflaheimilda skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar og vinnsluskyldu í samræmi við 4. mgr.

Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. þessari grein og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

Byggðastofnun skal gera samninga við einstök sveitarfélög um fyrirkomulag úthlutunar almenns byggðakvóta skv. 1. mgr. Heimilt er að bjóða opinberum aðilum, samtökum sveitarfélaga, fyrirtækjum eða félagasamtökum aðild að slíkum samningum þar sem fram skulu m.a. koma almenn og sértæk markmið hvers verkefnis, mælikvarðar, samstarfsaðilar, útfærsla, fyrirkomulag umsýslu og eftirfylgni. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. mgr., m.a. varðandi

viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda auk samninga Byggðastofnunar við sveitarfélög og samspils við sértækan byggðakvóta skv. 15. gr. c.

Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til ráðuneytisins. Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.

Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.

Fyrir úthlutun aflamarks til einstakra skipa samkvæmt þessari grein skal útgerð skips greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

15. gr. c. Sértækur byggðakvóti

Í samræmi við b. lið 1. tölul. 15. gr. a skal ráðherra á hverju fiskveiðiári ráðstafa aflamagni til að styðja byggðalög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Ráðstöfun heimilda skv. 1. mgr. skal vera samkvæmt tillögu Byggðastofnunar, sem getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn. Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en samningur er undirritaður. Heimilt er að bjóða opinberum aðilum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, fyrirtækjum eða félagsamtökum aðild að slíkum samningum þar sem fram skulu m.a. koma almenn og sértæk markmið hvers verkefnis, mælikvarðar, samstarfsaðilar, útfærsla, fyrirkomulag umsýslu og eftirfylgni. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Byggðastofnunar, að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð, svo sem um efni samnings, skilyrði, tímallengd, hlutlæga mælikvarða, mat á árangri og nýja og endurnýjaða samninga sem gerðir eru frá og með árinu 2020 auk samspils við almennan byggðakvóta skv. 15. gr. b.

15. gr. d. Strandveiðar

Í samræmi við a. lið 3. tölul. 15. gr. a skal ráðherra á hverju fiskveiðiári ráðstafa aflamagni sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda.

Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á tímabil og landsvæði. Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla, að ufsa undanskildum, verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um strandveiðar fyrir hvert ár.

Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið. Óheimilt er að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum nema strandveiðileyfi hafi verið fellt úr gildi skv. 5. mgr. Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis, sbr. þó 10. mgr. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er fiskiskipi sem hefur fengið strandveiðileyfi heimilt að óska eftir að leyfið verði fellt úr gildi og stunda fiskveiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Þó tekur slík niðurfelling

strandveiðileyfis ekki gildi fyrr en mánuðinn eftir að ósk um niðurfellingu á sér stað. Hafi strandveiðileyfi fiskiskips verið felld úr gildi getur það fiskiskip ekki fengið strandveiðileyfi að nýju á umræddu strandveiðitímabili.

Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Ráðherra er heimilt með reglugerð að banna strandveiðar á lögbundnum fríðögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.
3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð.
6. Skylt er að landa öllum afla í lok hvernar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum [laga nr. 57/1996](#), um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

Heimilt er hverju skipi að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.

Fiskistofa skal auglýsa árlega eftir umsóknum um leyfi til strandveiða. Heimilt er hverju strandveiðiskipi að landa ufsa í því magni sem ráðherra ákveður með reglugerð ár hvert án þess að sá afli teljist til hámarksaflla skv. 5. tölul. 6. mgr. Um ufsa sem ekki reiknast til heimilaðs afla í hverri veiðiferð strandveiðiskips gilda eftirtalin skilyrði:

- a. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
- b. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla, með síðari breytingum, sbr. þó 2. másl. 10. mgr.

Sé heimild skv. 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 80% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða. Þar er m.a. heimilt að setja nánari skilyrði um eignarhald. Ef eigandi fiskiskips er lögaðili er heimilt að kveða á um að lögskráðir sjómenn á fiskiskipinu eigi tiltekna lágmarkseignarhlutdeild í lögaðilanum. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi.

15. gr. e. Línuvildun

Í samræmi við b. lið 3. tölul. 15. gr. a skal úthluta aflamagni til línuvildunar í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa sem skal skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuaflla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuvildunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar

til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða. Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41/20. mars 2003, um vaktstöð siglinga.

Ónýtt hlutfall línuviltununar á hverju þriggja mánaða tímabili færast sem viðbót við almennan byggðakvóta, sbr. 15. gr. b, í samræmi við hlutdeild byggðarlaga í löndun línuviltununar. Miða skal við meðaltal löndunar línuviltununar síðustu 3 ára eða meðaltal síðustu 10 ára frá og með fiskveiðiárinu 2019/2020 eftir því hvort meðaltalið er hagstæðara fyrir viðkomandi byggðarlag. Um ráðstöfun þessa aflamagns fer eftir reglum 15. gr. b.

15. gr. f. Veiðar í tengslum við ferðaþjónustu

Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til veiða í tengslum við ferðaþjónustu er skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem nota skal í því skyni. Einungis er heimilt að veita leyfi til veiða í tengslum við ferðaþjónustu aðilum sem fengið hafa leyfi sem Ferðamálastofa gefur út með stöð í 8. gr. laga nr. 73/2005, um skipan ferðamála. Einungis er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar á þeim bátum sem leyfi fá samkvæmt þessari grein.

Leyfi til veiða í tengslum við ferðaþjónustu, sbr. 1. mgr., eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjöldi fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Ráðherra setur frekari leiðbeiningar um þessi atriði í reglugerð. Óheimilt er að selja eða fényta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.
2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaafلامarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávaraflla. Um afla báta sem eingöngu stunda veiða í tengslum við ferðaþjónustu gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs skv. 4. málsl. 3. mgr. 15. gr. vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja og fényta á annan hátt þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

Með hliðsjón af c. lið 3. tölul. 15. gr. a. skal ráðherra á hverju fiskveiðiári ráðstafa aflamagni gegn greiðslu gjalds til skipa sem hafa leyfi til veiða í tengslum við ferðaþjónustu skv. 2. tölul. 2. mgr. vegna afla sem er fenginn við veiðar í tengslum við ferðaþjónustu. Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda þessara í reglugerð. Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna í ríkissjóð. Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til rannsóknasjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs.

Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort skv. 1. tölul. 2. mgr. eða 2. tölul. 2. mgr. Við veitingu leyfa til veiða í tengslum við ferðaþjónustu koma aðeins til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá Samgöngustofu eða á sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Leyfi til veiða í tengslum við ferðaþjónustu skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn. Skip sem hafa leyfi til veiða í tengslum við ferðaþjónustu, sbr. 2. tölul. 2. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.

Rekstraráðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi veiðar í tengslum við ferðaþjónustu og enn fremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

Ráðherra setur í reglugerð frekari skilyrði og reglur um veiðar í tengslum við ferðaþjónustu, þ.m.t. um skil á skýrslum vegna veiða báta sem stunda veiðar í tengslum við ferðaþjónustu.

Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í tengslum við ferðaþjónustu í samræmi við ákvæði VI. kafla fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar og reglum settum með stöð í henni.

15. gr. g. Tilraunaverkefni til byggðapróunar

Með hliðsjón af 4. tölul. 15. gr. a skal vera heimilt að semja um nýtingu almenns byggðakvóta skv. 15. gr. b, eða aflaheimilda vegna línuvildunar skv. 15. gr. e sem ekki hafa verið nýtt, til tilraunaverkefna um aukna fjölbreytni atvinnulífs innan vinnusóknarsvæða. Hámarksfjöldi verkefna á hverjum tíma skal vera fimm.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fela Byggðastofnun eða öðrum opinberum aðilum umsýslu með slíkum tilraunaverkefnum sem velja skal úr á grundvelli umsókna sveitarfélaga. Gera skal samninga um verkefni til allt að 6 ára í senn milli ráðherra, Byggðastofnunar, landshlutasamtaka sveitarfélaga og einstakra sveitarfélaga. Ráðherra skal setja nánari reglur í reglugerð um skilyrði fyrir tilfærslu á aflaheimildum milli byggðakjarna innan sama vinnusóknarsvæðis, m.a. varðandi verðmæti sem ráðstafa skuli á móti og tegundir verkefna.

15. gr. h. Varasjóður vegna óvæntra áfalla

Með hliðsjón af 2. tölul. 15. gr. a skal ráðherra á hverju fiskveiðiári ráðstafa sem svarar til 8,10% af því aflamagni í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. í varasjóð til að mæta óvæntum áföllum sem haft geta neikvæð byggðaáhrif, svo sem vegna verulegra breytinga í aflamarki einstakra tegunda, vegna samdráttar í sjávarútvegi í byggðarlögum sem háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski og vegna óvæntrar skerðingar heildaraflaheimilda fiskiskipa sem hafa verið gerð út eða landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum. Ráðherra getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn um úthlutun samkvæmt þessari grein.

Í lok hvers fiskveiðiárs skulu ónýttar heimildir skv. þessari grein færast sem viðbót við almennan byggðakvóta, sbr. 15. gr. b, og um ráðstöfun slíks aflamagns fer eftir reglum 15. gr. b.

Ráðherra setur í reglugerð frekari skilyrði um úthlutun samkvæmt þessari grein,

7. gr.

15. gr. a til 15. gr. c laganna verða 15. gr. i til 15. gr. k. Þá verður II. kafli A laganna II. kafli B.

8. gr.

Í stað orðanna “15. gr. c” í 15. gr. a kemur: 15. gr. j.

9. gr.

Í stað orðanna “15. gr. a” í 15. gr. b og 15. gr. c kemur: 15. gr. h.

10. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra skal fyrir 31. desember 2026 láta óháðan aðila meta árangur aðgerða samkvæmt 15. gr. a til 15. gr. h. og hvort þær hafi náð markmiðum sínu. Ráðherra skal á grundvelli þessa mats taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til breytinga á reglunum og hvort leggja þurfi fram tillögur til breytinga á lögunum, m.a. um innbyrðis skiptingu aflaheimilda skv. 15. gr. b – 15. gr. h, eigi síðar en 31. desember 2026.

11. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra skal á fiskveiðiarunum 2021/2022 og 2022/2023 ráðstafa sem svarar til annars vegar 5,40% og hins vegar 2,69% af því aflamagni í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. í sérstaka úthlutun til skel- og rækjubáta. Aflamagnið skal dragast frá því aflamagni sem ráðherra skal úthluta samkvæmt 15. gr. h., Varasjóður vegna óvæntra áfalla.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein, m.a. varðandi hlutfall aflamagns sem skal skiptast á milli skipa í sömu hlutföllum og á fiskveiðiarinu 2019/2020.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Forsaga og undirbúningur frumvarpsins.

Í 8. gr. laga nr. 116/2016 um stjórn fiskveiða er tiltekið að taka skuli frá 5,3% aflamagns fyrir úthlutun aflamarks til aflahlutdeildarhafa. Heimildum þessum skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuviltunnar skv. 8. mgr. 11. gr., til strandveiða skv. 6. gr. a, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögnum. Samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða er ráðherra falið að leggja fram þingsályktunartillögu eigi sjaldnar enn á þriggja ára fresti um áætlun um meðferð og ráðstöfun þessa aflamagns.

Í apríl 2019 skipaði ráðherra starfshóp til að endurskoða meðferð og ráðstöfun ofangreindra aflaheimilda. Þannig segir í skipunarbréfi starfshópsins:

„Við þá endurskoðun er hópnun meðal annars falið að líta til þess hvort þeim markmiðum sem að var stefnt með þessum aflaheimildum hafi verið náð og eftir atvikum leggja til breytingar.

Starfshópnum ber við þessa vinnu að líta til eftirfarandi stefnumörkunar í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur: „Vega þarf og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, þ.m.t. strandveiða, með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun.“

Jafnframt skal starfshópurinn leitast við að tryggja að mögulegar breytingar hámarki virði þeirra verðmæta sem felast í umræddum aflaheimildum.“

Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra þann 18. febrúar 2020 þar sem helstu tillögur voru eftirfarandi:

- Tilgangur og markmið atvinnu- og byggðakvóta verði skýrð í lögum og árangur þeirra metinn.
- Áhersla verði lögð á stuðning við smærri sjávarbyggðir í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.
- Að ótvírætt sé að 5,3% aflaheimilda eru dregin frá heildarafla í hverri tegund vegna atvinnu- og byggðakvóta áður en aflaheimildum er úthlutað á einstök skip.
- Innbyrðis skipting þeirra 5,3% aflaheimilda sem dregin eru frá heildarafla í hverri tegund vegna atvinnu- og byggðakvóta verði fest til sex ára.
- Almennum byggðakvóta verði úthlutað til sex ára í samræmi við meðaltal fyrri ára og svigrúm aukið til að nýta hann í samræmi við aðstæður á hverjum stað.
- Ónýttri línuviltun verði úthlutað sem almennum byggðakvóta í samræmi við hlutdeild einstakra byggðarlaga á undangengnum árum.
- Gert verði upp við handhafa skel- og rækjubóta og þær aflaheimildir renni í varasjóð til að bregðast við óvæntum áföllum í sjávarbyggðum.

Markmið fiskveiðistjórnunar er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna Íslands og tryggja þannig trausta atvinnu og byggð í landinu. Veiðum á helstu nytjastofnum Íslendinga er stjórnað með úthlutun aflamarks við upphaf hvers fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar sem bátar hafa af leyfilegum heildarafla. Áður en aflamarki er úthlutað til hlutdeildarhafa er dregið frá 5,3% af leyfilegum heildarafla og hefur ríkið forræði yfir þeim aflaheimildum. Aflamagnið sem dregið er frá leyfilegum heildarafla er nýtt í sérstakar atvinnu- og byggðarráðstafanir sem taldar eru upp í 6. gr., 6. gr. a, 10. gr., 10. gr. a og 11. gr. laganna.

Það er stefna stjórnvalda að umræddar aflaheimildir nýtist til að tryggja byggðafestu í landinu og nýliðun í greininni og að ná jafnframt fram hámarksverðmætum þessara aflaheimilda.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í skýrslu starfshópsins sem skilaði skýrslu til ráðherra kemur m.a. fram að með lögum nr. 82/1983, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands var kvóta úthlutað á fiskiskip á grundvelli veiðireynslu á tímabilinu 1. nóvember 1980 til 31. október 1983. Með lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða var tilfærsla, leiga og sala aflaheimilda gefin frjáls. Lög um stjórn fiskveiða hafi leitt til mikillar hagræðingar í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, færri og stærri fyrirtækja og aukinnar arðsemi af rekstri þeirra. Aukin afköst fiskiskipa og fiskvinnslu hafi leitt til fækkunar starfa og samþjöppunar starfseminnar innan ákveðinna byggðarlaga. Aðbúnaður og öryggi starfsfólks í veiðum og vinnslu hafi aukist til muna og fjölmörg ný og vel launið störf hafa skapast á ýmsum stigum virðiskeðjunnar, sérstaklega á fjölbreyttum vinnumarkaði stærri þéttbýlisstaða. Dreifðum sjávarbyggðum hafi almennt hnignað verulega frá árinu 1984, sérstaklega þeim sem á þeim tíma voru með færri en fimm hundruð íbúa. Á sama tíma hefur hagræðing í sjávarútvegi og frjálst framsal veiðiheimilda leitt til fækkunar starfa og

landfræðilegrar samþjöppunar í sjávarútvegi. Dreifðar sjávarbyggðir hafi glímt við margvíslegar aðrar áskoranir sem einkenna smærri byggðarlög almennt, svo sem einhæfni í atvinnulífi, takmarkaða þjónustu, erfiðar samgöngur og skort á ýmsum öðrum búsetugæðum. Engu að síður sé ljóst að straumhvörf urðu í byggðaðróun í hinum dreifðu sjávarbyggðum við innleiðingu fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Með fyrirhugaðri lagasetningu er leitast við að skapa skýrari lagalegan grundvöll fyrir meðferð og ráðstöfun 5,3% heildaraflamarks sem ríkið hefur til ráðstöfunar árlega til atvinnu og byggðaráðstafana og skilgreina betur tilgang og markmið úthlutunarinnar. Einnig að betur verði tryggt að nýting umræddra aflaheimilda stuðli að byggðafestu og nýliðun í greininni og jafnframt að verðmæti þeirra aflaheimilda sem ríkið hefur forræði yfir verði sem mest. Í frumvarpinu verða þessi 5,3% aflaheimildanna kölluð einu nafni „atvinnu- og byggðakvótar“. Umtalsverð verðmæti felast í 5,3% heildaraflamarks, en heildarverðmæti atvinnu- og byggðakvóta er áætlað 5,5–7,6 milljarðar króna á fiskveiðiárinu 2019/2020. Því er mikilvægt að slíkur stuðningur hafi skýr og mælanleg markmið, eftirfylgni sé fullnægjandi og árangur metinn með reglubundnum hætti.

3. Meginefni frumvarpsins.

Í frumvarpinu eru lagðar til eftirfarandi megin breytingar á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 sem nánar eru skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar.

Í fyrsta lagi er lagt til að sérstakt ákvæði komi í lög um stjórn fiskveiða þess efnis að þegar ráðherra hefur ákvarðað þann heildarafla sem veiða má úr einstökum nytjastofnun skv. 1. mgr. 3. gr. laganna skulu 5,3% aflamagns í hverri tegund tekin til hliðar fyrir atvinnu- og byggðakvóta. Er með þessu gert skýrt að áður en að aflamarki sé úthlutað í hverri tegund hafi 5,3% aflamagns verið ráðstafað í þessum samfélagslega tilgangi. Er þetta breyting frá núverandi framsetningu laganna þar sem m.a. er vísað til úthlutun aflamarks og frádráttar 5,3% aflamagns hverrar tegundur í sömu málsgrein 8. gr.

Í öðru lagi er lagt upp með að ákvæði um nýtingu 5,3% aflaheimilda til sérstakra aðgerða sem nú er að finna í ýmsum greinum laga um stjórn fiskveiða verði dregin saman í einn kafla í lögum og skapi þar skýrari grunn undir nýtingu þeirra og meðferð en nú er. Jafnframt sé tilgangur og markmið einstakra aðgerða sem nánar er tilgreindur í einstökum greinum dregin saman í einni markmiðsgrein. Þannig verði á einum stað að finna annars vegar ákvæði um markmið þessara aðgerða sem verða nefnd einu nafni, þ.e. atvinnu- og byggðakvótar, og hins vegar efnisákvæði um einstakar aðgerðir.

Í þriðja lagi er kveðið á um föst innbyrðis hlutföll í ráðstöfun umræddra 5,3% aflaheimilda milli einstakra verkefna. Er ætlunin að þau hlutföll byggi á ráðstöfun til einstakra aðgerða fyrir fiskveiðiárið 2019/2020. Jafnframt falli út ákvæði þess efnis að ráðherra skuli eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fram þingsályktunartillögu um fyrirhugaða meðferð og nýtingu umræddra heimilda til næstu 6 ára. Hefur framkvæmdin síðan verið sú að ráðherra hefur á grundvelli þingsályktunartillögunnar ákvarðað magn úthlutun fyrir hvert fiskveiðiár. Felur tillaga frumvarpsins í sér breytingu frá því sem nú gildir að því leyti að skiptingin er bundin til lengri tíma, þ.e. til sex ára í stað hvers fiskveiðiárs, en með því er stuðlað að auknum fyrirsjáanleika milli ára. Þá tryggji það að festa aflamagnið við hlutföll en ekki tonn að aflamagn sem til ráðstöfunar er á hverju ári fylgi breytingum á heildarafla einstakra tegunda. Nýtt ákvæði til bráðabirgða kveði á um endurskoðun þessa fyrirkomulags að 6 árum liðnum sbr. nánar hér að neðan en með því væru hlutföllin bundin fram að þeim tíma.

Í fjórða lagi verði tryggt að með úthlutun á almennum byggðakvóta sé lögð áhersla á stuðning við dreifðar sjávarbyggðir. Þannig verði föstu hlutfalli almenns byggðakvóta úthlutað til einstakra byggðalaga árlega og byggi sú úthlutun á meðaltals úthlutun fyrri ára á byggðakvóta. Jafnframt verði lögfest hlutlæg regla sem feli það í sér að slík úthlutun fari eingöngu til byggðarlaga að 2.000 íbúum en þó með þeim skilyrðum að úthlutun lækki um 0,1% fyrir hvern íbúa umfram 1.000. Felur þetta í sér nokkra breytingu frá núverandi lagaumgjörð og framkvæmd þar sem ráðherra, að höfðu samráði við Byggðastofnun, hefur verið heimilt að ráðstafa aflamagni á grundvelli tiltekinna efnisskilyrða skv. 10. gr. laganna.

Í fimmta lagi verði Byggðastofnun falið að gera samninga við einstök sveitarfélög um fyrirkomulag úthlutunar almenns byggðakvóta og skal ráðherra setja reglur um nánari útfærslu slíkra samninga í reglugerð. Jafnframt er kveðið á um það nýmæli að heimilt verður að bjóða opinberum aðilum, samtökum sveitarfélaga og fyrirtækjum aðild að slíkum samningum. Með þessum breytingum mun hlutverk Byggðastofnunar breytast úr ráðgjafahlutverki yfir í að hafa beina aðkomu að útfærslu, framkvæmd og eftirfylgni almenns byggðakvóta.

Í sjötta lagi er lagt upp með að ónýtt hlutfall línuviltununar á hverju þriggja mánaða tímabili færist sem viðbót við almennan byggðakvóta. Því verði síðan skipt milli sjávarbyggða í samræmi við hlutdeild þeirra í löndun línuviltununar miðað við meðaltal undanfarinna ára.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að hugtakanotkun um veiðar í tengslum við ferðaþjónustu verði betur skýrð og að um slíkar veiðar verði fjallað í sérstakri grein.

Í áttunda lagi verði kveðið á um að heimilt verði að semja í tilraunaskyni um nýtingu almenns byggðakvóta eða aflaheimilda vegna ónýttar línuvinnunar til verkefna um aukna fjölbreytni atvinnulífs innan vinnusóknarsvæða. Þessi heimild verði hins vegar takmörkuð bæði hvað varðar aflamagn og fjölda verkefna. Heimildarákvæði til ráðherra að útfæra í reglugerð að Byggðastofnun eða öðrum opinberum aðila geti verið falin umsýslu með slíkum verkefnum á grundvelli samninga og mati á árangri.

Í níunda lagi er lagt til að ráðherra hafi á hverju fiskveiðiári til ráðstöfunar sem svarar til 8,10% af því aflamagni í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. í varasjóði til að mæta óvæntum áföllum sem haft geta neikvæð byggðaaáhrif.

Í tíunda lagi falli brott heimild ráðherra í 1. tl. 1. mgr. 10. gr. og þar með skel- og rækjubætur sem ráðstafað hefur verið undanfarin ár en það aflamagn renni í varasjóð, sbr. hér að ofan. Lagt er til að þetta verði gert í skrefum á tveggja ára tímabili til að veita handhöfum skel- og rækjubóta tíma til aðlögunar.

Þá er að lokum lagt til að í lögum komi nýtt ákvæði til bráðabirgða sem kveði á um að umrædd úthlutun og hlutfallsleg skipting aflaheimilda og aðgerðir þeim tengdum verði endurmetnar í ljósi reynslunnar og eftir atvikum breytt að sex árum liðnum ef þörf krefur.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Veiðum á helstu nytjastofnum Íslendinga hefur á síðustu 30 árum að meginreglu verið stýrt á grundvelli laga um stjórn fiskveiða með útgáfu aflamarks á grundvelli aflahlutdeildar skipa, en í handhöfn aflamarks felst heimild fiskiskips til að veiða tiltekið magn af fiski eða öðrum nytjastofni úr sjó. Í ljósi þeirra ríku hagsmuna sem tengjast sjávarútvegi hafa fræðimenn lengi velt fyrir sér hvaða stjórnarskrárverndar heimild til að stunda fiskveiðar í skjóli aflamarks njóti ef kæmi til verulegra breytinga á lögum um stjórn fiskveiða.

Fræðimenn hafa fært að því rök að þau atvinnuréttindi til fiskveiða, sem felast í handhöfn aflaheimilda, njóti nokkurrar en takmarkaðrar verndar eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar en að það standi því ekki í vegi að löggjafinn geti gert ýmsar breytingar á gildandi fyrirkomulagi fiskveiðistjórnunar. Leiði slíkt bæði af almennum valdheimildum löggjafans til að kveða á um breytt skipulag atvinnu- og efnahagsmála, verndun náttúruauðlinda, þeirrar stefnuýfirlýsingar fyrsta málsliðar 1. gr. laga nr. 116/2006 að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og þeim fyrirvara sem fram komi í þriðja málslið 1. gr. laganna um að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þessi sjónarmið má m.a. sjá í álitu meiri hluta Hæstaréttar í svonefndu Vatneyrarmáli, Hrd. 2000, bls. 1534. Í dóminum var talið að málefnalegt mat hafi legið til grundvallar við setningu laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og að setning þeirra hafi verið samrýmanleg jafnræðisrökum. Í því samhengi var m.a. litið til þess að aflaheimildir væru „aðeins varanlegar í þeim skilningi að þær verða hvorki felldar niður né þeim breytt nema með lögum“. Löggjafinn geti því „kveðið nánar á um réttinn til fiskveiða, bundið hann skilyrðum eða innheimt fyrir hann frekara féggjald en nú er gert vegna breyttra sjónarmiða um ráðstöfun þeirrar sameignar íslensku þjóðarinnar sem nytjastofnar á Íslandsmiðum eru“. Þessi afstaða réttarins var síðast áréttuð í dómi *Hæstaréttar frá 26. mars 2013 í máli nr. 652/2012*.

Í frumvarpinu er lagt til að felld verði brott heimild ráðherra til að ráðstafa á hverju fiskveiðiári aflamagni til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda, skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006. Ráðherra hefur á undanföllum árum á grundvelli þessarar greinar og áður á grundvelli 9. gr. laga 38/1990, um stjórn fiskveiða, ráðstafað tilteknu aflamagni til skel- og rækjubóta, nú síðast með reglugerð nr. 678/2019. Er ástæða til að víkja að því hvort þeir sem fengið hafa úthlutað aflaheimildum á þessum grunni njóti einnig einhverrar verndar stjórnarskrárinnar til að halda þeirri atvinnu sinni áfram. Til skoðunar kæmi við mat á slíkri ráðstöfun hvernig hún kæmi niður í heild sinni og gagnvart einstökum aðilum og hvaða sjónarmið hvíldu að baki henni.

Í því mati skiptir máli að við upphaf ráðstöfunar þeirra aflaheimilda sem um ræðir var ljóst að hún væri tímabundin, fyrst um sinn til ákveðins fyrirfram tiltekins tíma, en síðar aðeins til eins árs í senn, sbr. orðalag 1. tl. 1. mgr. 10. gr. Verður því að telja að þeir sem þessa úthlutun hafi þegið njóti ekki þeirra verndar stjórnarskrár sem handhafar aflahlutdeilda hafa verið taldir njóta, enda verði því ekki haldið fram að þeir hafi í stundað veiðarnar í góðri trú um möguleika sína til að halda veiðum áfram ótímabundið.

Engu að síður er lagt til í frumvarpinu að skel- og rækjubætur verði felldar niður í skrefum á tveggja ára tímabili til að veita handhöfum skel- og rækjubóta hæfilegan tíma til aðlögunar. Er það einnig í samræmi við sjónarmið að baki upphaflegri úthlutun skel- og rækjubóta.

5. Samráð.

Helstu hagsmunadilar sem efni frumvarpsins varða eru Landssamband smábátæigenda, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök smærri útgerða. Starfshópurinn sem lagði fram skýrslu til ráðherra hefur þegar haldið samráðsfundi með hagsmunadilum í hverjum landsfjórðungi. Drögin að frumvarpinu voru ennfremur birt á samráðsgátt stjórnvalda.

Samráð hefur einnig átt sér stað við samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti þar sem hlutverk Byggðastofnunar varðandi almennan byggðakvóta mun breytast úr ráðgjafahlutverki yfir í það að hafa beina aðkomu að útfærslu, framkvæmd og eftirfylgni almenns byggðakvóta.

6 Mat á áhrifum.

Með frumvarpinu er leitast við að tryggja verðmætasköpun til lengri tíma lítið þar sem horft er m.a. til þess að atvinnu- og byggðakvótar nýtist til að styrkja minni sjávarbyggðir sem hafa átt erfitt með að aðlagast breytingum í sjávarútvegi. Þannig er miðað við að aðgerðirnar ýti undir byggðafestu með meiri fyrirsjáanleika í sjávarútvegi og með auknum sveigjanleika í ráðstöfun aflaheimilda til að mæta aðstæðum á hverjum stað. Jafnframt að heimilt verði í tilraunaskyni að nýta atvinnu- og byggðakvóta til að styðja við fjölbreytni atvinnulífs og að stjórnvöld hafi aukið sviðgrúm til að bregðast við óvæntum áföllum í sjávarútvegi til skemmri tíma auk þess sem stuðlað verði að fjölbreytni og tækifærum til nýliðunar í sjávarútvegi. Þær aðgerðir sem frumvarpið kveður á um verði hins vegar endurmetnar í ljósi reynslunnar og eftir atvikum breytt að sex árum liðnum ef þörf krefur.

Verði frumvarpið að lögum skal bent á að hlutverk Byggðastofnunar mun aukast og breytast frá því sem nú er þar sem stofnunin mun koma beint að útfærslu, framkvæmd og eftirfylgni almenns byggðakvóta í stað þess að sinna eingöngu ráðgjafahlutverki í tengslum við úthlutun ráðherra.

Í frumvarpinu er m.a. lagt til að sú heimild sem ráðherra hefur nú samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga 116/2006 falli brott og þar með skel- og rækjubætur sem úthlutað hefur verið með reglugerð á grundvelli þeirrar greinar. Frá því að skel- og rækjubótum var fyrst úthlutað hefur verið gengið út frá því að um tímabundna ráðstöfun hafi verið að ræða til að mæta áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki þessara tegunda. Lagt er til að þeim fyrirtækjum og byggðalögum sem hlotið hafa úthlutun á þessum grunni verði gefinn tími til að aðlagast og bregðast við brottfalli þeirra með hliðsjón af upphaflegum tilgangi aðgerðarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í nágildandi 3. mgr. 3. gr. laganna er vísað til II. kafla A. Með hliðsjón af þeirri breytingu sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins verður nágildandi II. kafla A að II. kafla B og því er þörf á að breyta þeirri tilvísun í 3. mgr. 3. gr.

Um 2. gr.

Í nágildandi 3. – 8. mgr. 6. gr. og 6. gr. a laganna er annars vegar fjallað um frístundaveiðar í tengslum við ferðaþjónustu og hins vegar um strandveiðar. Með þeirri breytingu sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins munu umrædd efnisákvæði færast yfir í nýjan II. kafla A og vísast nánar til þess sem þar kemur fram.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins eru lagðar til tiltekna breytingar á 8. gr. laganna. Í núverandi 8. gr. laganna kemur m.a. fram að veiðum á helstu nytjastofnum Íslendinga sé stjórnað með úthlutun aflamarks við upphaf hvers fiskveiðiárs á grundvelli aflahlutdeildar sem einstök skip hafa af leyfilegum heildarafla. Áður en aflamarki er úthlutað til hlutdeildarhafa er hins vegar dregið frá 5.3% aflamagni af leyfilegum heildarafla, sbr. 3. og 5. mgr. 8. gr. Það aflamagn sem dregið er frá er nýtt í sérstakar atvinnu- og byggðarráðstafanir sem taldar eru upp í 6. gr., 6. gr. a, 10. gr., 10. gr. a og 11. gr. laganna.

Í a. lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að ný málsgrein komi á eftir 1. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 2. mgr. 8. gr., sem kveður á um að þegar ráðherra hefur ákvarðað þann heildarafla sem veiða má úr einstökum

nytjastofnun skv. 1. mgr. 3. gr. laganna skulu 5,3% aflamagns í hverri tegund tekin til hliðar fyrir atvinnu- og byggðakvóta. Er með þessari breytingu annars vegar gert skýrt að 5,3% aflaheimilda eru dregin frá heildarafla í hverri tegund vegna atvinnu- og byggðakvóta áður en aflaheimildum er úthlutað á einstök skip og hins vegar er samfélagslegt markmið aðgerðarinnar áréttað. Jafnframt er óbreytt frá gildandi ákvæðum að aflamagn skv. 10. gr. b. laganna, er einnig dregið frá auk þess sem að sama gildir um aflamagn skv. lögum nr. 151/1996, um veiðar utan efnahagslögsögu.

Í b. lið 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytingar sem verða á núverandi 3. mgr. 8. gr. laganna, sem verður 4. mgr., sem leiða af a. lið 3. gr. frumvarpsins, varðandi brottfall orða um núverandi frádráttarreglu á 5,3% aflamagns frá aflamarki veiðiskips og tilvísanir til málsgreina.

Í c. lið 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að núverandi 5. mgr. 8. gr. laganna, sem vísar m.a. til þess aflamagns sem dregið er frá og skuli nýtt í sérstakar atvinnu- og byggðarráðstafanir sem taldar eru upp í 6. gr., 6. gr. a, 10. gr., 10. gr. a og 8. mgr. 11. gr. laganna, falli brott. Nýr kafli II A., sbr. 6. gr. frumvarpsins, mun fjalla nánar um þær aðgerðir.

Í d. lið 3. gr. frumvarpsins er lagt til að núverandi 6. mgr. 8. gr. laganna falli brott. Af 6. gr. frumvarpsins leiðir hins vegar að umrætt ákvæði mun koma inn sem ný 2. mgr. 15. gr. a og vísast til þess sem þar kemur fram.

Um 4. og 5. gr.

Í núgildandi 10. gr. og 10. gr. a laganna er annars vegar fjallað um almennan byggðakvóta og hins vegar um sértækan byggðakvóta. Í núgildandi 8. mgr. 11. gr. laganna er jafnframt fjallað um línuviltun dagróðrabóta. Er hér lagt til að þessi ákvæði falli brott en með þeirri breytingu sem lögð er til í 6. gr. frumvarpsins munu umrædd efnisákvæði færast yfir í nýjan II. kafla A og vísast nánar til þess sem þar kemur fram.

Um 6. gr.

Áður hefur verið vikið að því að ákvæði um nýtingu 5,3% aflaheimilda til sérstakra aðgerða er nú að finna í ýmsum greinum laga um stjórn fiskveiða nr.116/2006, sbr. 6. gr., 6. gr. a, 10. gr., 10. gr. a og 8. mgr. 11. gr. laganna. Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til að umrædd ákvæði verði dregin saman í einn kafla í lögum, nýjan kafla II A sem beri heitið Atvinnu- og byggðakvótar og skapi þar með skýrari grunn undir nýtingu þeirra og meðferð en nú er. Þannig verði á einum stað að finna ákvæði um markmið atvinnu- og byggðakvóta og nánari efnisreglur þar um þ.e.a.s. almennan byggðakvóta, sértækan byggðakvóta, strandveiðar, línuviltun, veiðar í tengslum við ferðaþjónustu, auk þess sem ný ákvæði komi inn í lögum um tilraunaverkefni til byggðapróunar og varasjóð vegna óvæntra áfalla í dreifðum sjávarbyggðum.

Af framangreindri breytingu leiðir jafnframt að 3 – 8. mgr. 6. gr., 6. gr. a, 10. gr., 10. gr. a og 8. mgr. 11. gr. laganna falla brott, sbr. 1., 2., 4. og 5. gr. frumvarpsins, en bent skal á að efnisákvæði þeirra halda sér að miklu leyti óbreytt í nýjum II. kafla A. að öðru leiti en því sem leiðir af frumvarpi þessu, einkum varðandi almennan byggðakvóta, og sem nánar er útskýrt í athugasemdum við einstakar greinar.

Um nýja 15. gr. a.

Hér er lagt til að markmið atvinnu- og byggðakvóta verði skilgreint með skýrari hætti en kemur nú fram í lögum um stjórn fiskveiða með nýrri 15. gr. a sem bæri heitið „15. gr. a. *Markmið atvinnu- og byggðakvóta.*“. Í lögum um stjórn fiskveiða er kveðið á um margvíslegar aðgerðir til eflingar atvinnu og byggðar um land allt. Þessar aðgerðir eru skilgreindar á ýmsum stöðum í lögum og misjafnt hversu nákvæmlega lögin tiltaka markmið þeirra og umgjörð. Hér er lagt til að þessi framsetning verði skýrð og tiltekna aðgerðir tengdar tilteknum markmiðum. Í nýrri 15. gr. a kæmi þannig fram í þremur tölulíðum með hvaða hætti ráðherra skuli ráðstafa samtals 5,3% af því aflamagni sem ákvarðað hefur verið skv. 1. mgr. 3. gr., þ.e. i) í þeim tilgangi að efla atvinnulíf í dreifðum sjávarbyggðum til framtíðar með almennum og sértækum byggðakvótum og með tilraunaverkefnum til byggðapróunar, ii) með varasjóði til að bregðast við óvæntum áföllum í dreifðum sjávarbyggðum og iii) til að stuðla að fjölbreytni og veita tækifæri til nýliðunar um land allt sbr. ákvæði um strandveiðar, línuviltun og veiðar í tengslum við ferðaþjónustu.

Jafnframt er lagt til að efnisákvæði núverandi 6. mgr. 8. gr. laganna færist og verði hluti af nýrri 15. gr. a þar sem betur þykir fara að umrædd málsgrein, sem kveður á um heimildir til að tryggja tegundasamsetningar aflmarks sem dregið er frá, verði hluti af hinni nýju grein. Ekki er um efnisbreytingu á málsgreininni að ræða frá gildandi ákvæði.

Um nýja 15. gr. b.

Lagt er til að nógildandi 10. gr. laganna falli brott, sbr. 4. gr. frumvarpsins, en að ný 15. gr. b., sem beri heitið „15. gr. b. *Almennur byggðakvóti.*“, fjalli um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga sem hefur þann tilgang að efla atvinnulíf í dreifðum sjávarbyggðum til framtíðar, sbr. tillögu að a. lið 1. töluliðar 15. gr. a.

Af greininni leiðir að föstu hlutfalli, þ.e. 22,61% sem svarar til þess aflamagns í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. yrði úthlutað sem byggðakvóta til byggðarlaga í stað þess að úthlutunin byggist á tillögu til þingsályktunar eins og nú er, sbr. 5. mgr. 8. gr. gildandi laga. Er lagt til að hlutfallið byggist á úthlutun ráðherra vegna fiskveiðiársins 2019/2020. Jafnframt er lagt til að hlutfallið yrði endurskoðað að 6 árum liðnum sbr. tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða í 10. gr. frumvarpsins.

Almennur byggðakvóti er skilgreindur í nógildandi 10. gr. laga um stjórn fiskveiða. Þar segir að ráðherra sé heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. laganna að höfðu samráði við Byggðastofnun annars vegar til minni byggðarlaga sem hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og hins vegar til byggðalaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu heildaraflaheimilda og sem hefur haft veruleg áhrif á atvinnuástand þeirra. Almenn skilyrði laga fyrir úthlutun almenns byggðakvóta eru jafnframt útfærð í reglugerðum. Í frumvarpinu er lögð til nokkuð breytt framsetning á ákvæði er fjallar um almennan byggðakvóta. Með úthlutun á almennum byggðakvóta verði nú lögð áhersla á stuðning við dreifðar sjávarbyggðir. Þannig verði föstu hlutfalli almenns byggðakvóta úthlutað til einstakra byggðalaga árlega og byggi sú úthlutun á meðaltals úthlutun fyrri ára á byggðakvóta. Þannig skuli miða við meðaltal síðustu þriggja ára eða tíu ára eftir því hvort er betra fyrir viðkomandi byggðalag. Jafnframt verði lögfest hlutlæg regla sem feli það í sér að slík úthlutun fari eingöngu til byggðarlaga að 2.000 íbúum en þó með þeim skilyrðum að úthlutun lækki um 0,1% fyrir hvern íbúa umfram 1.000, sbr. nánar að neðan. Umrædda skiptingu má sjá í skýrslu starfshópsins í töflu í Viðauka VI, sbr. töflu 1. Felur þetta í sér nokkra breytingu frá núverandi lagaumgjörð og framkvæmd þar sem ráðherra, að höfðu samráði við Byggðastofnun, hefur verið heimilt að ráðstafa aflamagni til byggðalaga á grundvelli tiltekinna efnisskilyrða, sbr. að ofan.

Tafla 1 Hlutdeild í almennum byggðakvóta 2009/2010-2018/2019

Byggðarlag	Mannfjöldi		Úthlutun byggðakvóta			Leiðrétt fyrir mannfjölda	
	1.1.2019	Sl. 3 ár	Sl. 10 ár	Hærrí tala	Hlutfall	Hlutdeild	Hlutfall
Arnarstapi ^{a)}	0	19	34	34	0,5%	34	0,6%
Árskógssandur	107	240	256	256	3,7%	256	4,3%
Bakkafjörður	69	141	155	155	2,2%	155	2,6%
Bíldudalur	208	88	115	115	1,7%	115	1,9%
Blönduós	867	61	84	84	1,2%	84	1,4%
Bolungarvík	931	5	60	60	0,9%	60	1,0%
Borgarfjörður eystri	77	41	69	69	1,0%	69	1,2%
Breiðdalsvík	129	90	104	104	1,5%	104	1,7%
Brjánslækur ^{a)}		15	13	15	0,2%	15	0,3%
Dalvík	1.381	58	85	85	1,2%	53	0,9%
Djúpivogur	364	300	189	300	4,3%	300	5,0%
Dranganes	72	76	81	81	1,2%	81	1,4%
Eyrarbakki	540	36	43	43	0,6%	43	0,7%
Flateyri	201	300	300	300	4,3%	300	5,0%
Garður ^{b)}	1.620	237	143	237	3,4%	90	1,5%
Grenivík	301	69	91	91	1,3%	91	1,5%
Grímsey	61	103	54	103	1,5%	103	1,7%
Grundarfjörður	824	247	243	247	3,6%	247	4,1%
Hauganes	118	15	15	15	0,2%	15	0,3%
Hellissandur	355	7	46	46	0,7%	46	0,8%
Hnífsdalur	221	217	92	217	3,1%	217	3,6%
Hofsós	142	15	38	38	0,5%	38	0,6%
Hólmavík	322	117	120	120	1,7%	120	2,0%
Hrísey	167	158	147	158	2,3%	158	2,6%
Húsavík	2.323	0	91	91	1,3%	0	0,0%
Hvammstangi	573	93	70	93	1,3%	93	1,6%
Höfn	1.710	109	105	109	1,6%	32	0,5%
Ísafjörður	2.706	163	63	163	2,4%	0	0,0%
Kópasker	121	22	39	39	0,6%	39	0,6%
Mjóifjörður ^{a)}	16	5	12	12	0,2%	12	0,2%
Norðurfjörður ^{a)}	40	20	17	20	0,3%	20	0,3%
Ólafsfjörður	787	243	199	243	3,5%	243	4,1%
Ólafsvík	1.000	184	165	184	2,6%	184	3,1%
Patreksfjörður	675	42	92	92	1,3%	92	1,5%
Raufarhöfn	168	134	131	134	1,9%	134	2,2%
Rif	138	79	170	170	2,5%	170	2,9%
Sandgerði ^{b)}	1.803	213	113	213	3,1%	42	0,7%
Sauðárkrúkur	2.612	70	54	70	1,0%	0	0,0%
Seyðisfjörður	673	0	60	60	0,9%	60	1,0%
Siglufjörður	1.184	114	130	130	1,9%	106	1,8%
Skagaströnd	443	260	256	260	3,7%	260	4,4%
Stokkseyri ^{b)}	515	51	27	51	0,7%	51	0,9%
Stykkishólmur	1.198	0	132	132	1,9%	106	1,8%
Stöðvarfjörður	181	124	175	175	2,5%	175	2,9%
Suðureyri	264	192	135	192	2,8%	192	3,2%
Súðavík	168	135	171	171	2,5%	171	2,9%
Tálknafjörður	239	300	200	300	4,3%	300	5,0%
Vogar ^{b)}	1.206	72	38	72	1,0%	57	1,0%
Vopnafjörður	527	25	165	165	2,4%	165	2,8%
Þingeyri	249	281	172	281	4,1%	281	4,7%
Þorlákshöfn ^{b)}	1.654	227	158	227	3,3%	79	1,3%
Þórshöfn	369	116	82	116	1,7%	116	1,9%
SAMTALS	37.286	5.928	5.792	6.933	100,0%	5.967	100,0%

a) Ekki byggðarkjarni skv. Hagstofu Íslands. b) Tilheyrir vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins (svæði 30) skv. Byggðastofnun.

Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2020). Endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda. Skýrsla starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta. Tafla 6 bls. 58.

Þetta byggir á þeim sjónarmiðum að þær takmörkuðu aflaheimildir sem hafa verið til ráðstöfunar innan almenna byggðakvótakerfisins hafa dreifst víðar en æskilegt væri m.a. út frá þrýstingi stærri byggðalaga og að æskilegt væri að herða á skilyrðum þess. Byggðastofnun hefur skilgreint „dreifðar sjávarbyggðir“ sem þau byggðarlög sem (1) standa við sjávarsíðuna, (2) fiskveiðar og/eða fiskvinnsla hafa verið stunduðu

síðustu 30 árin, (3) eru utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar og (4) íbúar eru færri en 1.000. Alls uppfylla 35 byggðarlög með samtals 12.586 íbúum þessi viðmið. Þá má nefnda að með reglugerð nr. 909/2002, um úthlutun á 2.000 lestum af þorski til sjávarbyggða er fjöldi íbúa ekki skilgreindur en föstu magni er úthlutað til ákveðinna byggðarlaga. Með reglugerð nr. 960/2004, um úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum kemur viðmið um íbúafjölda inn í reglugerð þar sem minni byggðarlög eru þau byggðarlög með færri íbúum en 1.500. Þetta viðmið er svo hækkað í 2.000 íbúa með reglugerð nr. 1181/2011, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2011/2012 og hefur staðið óbreytt síðan. Er í frumvarpinu lagt til að áfram verði stuðst við þessi mörk en með umræddri reiknireglu. Er þannig lagt til með 2. mgr. 15. gr. b. að stærðarmörk dreifðra sjávarbyggða verði ekki skilgreind út frá ákveðinni tölu heldur verði þau látin fjara út á tilteknu bili. Þannig skuli úthlutun miðast við byggðalög með að hámarki 2000 íbúum en þó skal úthlutun lækka um 0,1% fyrir hvern íbúa umfram 1000 og falla niður vegna byggðalaga með íbúa umfram 2000. Þannig yrði til dæmis úthlutun til byggðarlaga með 1.200 íbúa skert um 20%, úthlutun til byggðarlaga með 1.500 skert um 50% og engin úthlutun yrði til byggðarlaga með fleiri en 2.000 íbúa.

Með 5. mgr. 15. gr. b. er kveðið á um samninga er Byggðastofnun skuli gera við einstök sveitarfélög um fyrirkomulag úthlutunar almenns byggðakvóta skv. 1. mgr. og hvaða aðilum sé heimilt að eiga aðild að slíkum samningum. Jafnframt er bætt við reglugerðarheimild sem kemur nú fram í 4. mgr. 10. gr. laganna og m.a. er lagt til að ráðherra sé heimilt að kveða nánar á um samninga Byggðastofnunar við sveitarfélög og samspils við sértækan byggðakvóta skv. nýrri 15. gr. c. Með þessum breytingum mun hlutverk Byggðastofnunar breytast úr ráðgjafahlutverki yfir í það að hafa beina aðkomu að útfærslu, framkvæmd og eftirfylgni almenns byggðakvóta. auk þess sem stuðlað yrði að auknum fyrirsjáanleika milli ára og auknum sveigjanleika í nýtingu heimildanna innan hvers árs. Í skýrslu starfshópsins sem skilaði skýrslu til ráðherra eru nefnd nokkur dæmi um slíkt. Í fyrsta lagi gætu sveitarfélög sem vildu úthluta byggðakvóta með óbreyttum hætti gert einfaldan staðlaðan samning um slíkt. Í öðru lagi gætu sveitarfélög gert samninga um nýtingu almenns byggðakvóta án vinnsluskyldu. Annars vegar væri hægt að nýta byggðakvótann sem löndunarívilnun, þannig að fiskiskip sem lönduðu afla á viðkomandi stað og uppfylltu tiltekin skilyrði fengju tiltekna ívilnun þar til almenni byggðakvótinn væri uppurinn. Hins vegar væri hægt að veita smábátum sem gerðir væru út frá byggðarkjarnanum veiðileyfi til að fiska þann byggðakvóta sem úthlutað væri vegna byggðakjarnans, óháð eign á kvóta. Í þriðja lagi gætu sveitarfélög samið um að nýta byggðakvóta vegna tiltekins byggðarkjarna sem viðbót við núgildandi samninga um sértækan byggðakvóta í þeim byggðakjarna. Þannig væri hægt að samnýta almenna og sértæka byggðakvótann innan sama verkefnis.

2. – 4. mgr. og 6. – 8. mgr. nýrrar 15. gr. b eru efnislega óbreyttar frá 5. – 10. mgr. 10. gr. laganna, og þarfnast ekki frekari skýringa.

um nýja 15. gr. c.

Sértækur byggðakvóti er skilgreindur í 10. gr. a. í lögum um stjórn fiskveiða. Þar segir að Byggðastofnun hafi til ráðstöfunar aflahlutdeild sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laganna, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Nánar er kveðið á um þá þætti sem styðjast skal við um val á byggðalögum í reglugerð nr. 643/2016 auk þeirra atriði sem horfa skal til við mat á umsóknum frá einstökum byggðalögum. Frá því að núverandi skipulagi um sértækan byggðakvóta var komið á hefur árleg ráðstöfun aukist og er 6.899 lestir fyrir fiskveiðiárið 2019/2020.

Lagt er til að að núgildandi 10. gr. a laganna falli brott, sbr. 4. gr. frumvarpsins, og að í nýrri 15. gr. c., sem beri heitið „15. gr. c. *Sértækur byggðakvóti*“, verði fjallað um úthlutun byggðakvóta sem Byggðastofnun hefur ráðstöfunar og sem hafi þann tilgang að efla atvinnulíf í dreifðum sjávarbyggðum til framtíðar, sbr. tillögu að b. lið 1. töluliðar 15. gr. a. Áfram yrði þó miðað við að heimildin verði nýtt til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Í stað tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun aflamagns til sérstakra atvinnu- og byggðarráðstafana til næstu sex ára leiðir af greininni að föstu hlutfalli, þ.e. 22,03% sem svarar til þess aflamagns í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. sem byggðakvóta sem Byggðastofnun hefði til ráðstöfunar (sértækur byggðakvóti). Er lagt til að hlutfallið byggist á úthlutun ráðherra vegna fiskveiðiársins 2019/2020 og af tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða, sbr. 10. gr. frumvarpsins leiðir að hlutfallið yrði endurskoðað að 6 árum liðnum.

Í nógildandi 10. gr. a. laganna er kveðið á um að Bygðastofnun getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélag til allt að sex ára í senn og að haft skuli samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en samningur er undirritaður. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þær reglur haldi sér og jafnframt er gert ráð fyrir að nógildandi samningar haldist óbreyttir á gildistíma sínum. Til viðbótar við gildandi reglur er hins vegar lagt til að heimilt sé að bjóða opinberum aðilum, landshlutasamtökum sveitarfélaga og fyrirtækjum aðild að slíkum samningum þar sem fram skulu m.a. koma almenn og sértæk markmið hvers verkefnis, mælikvarðar, samstarfsaðilar, útfærsla, fyrirkomulag umsýslu og eftirfylgni. Ennfremur verði til viðbótar við núverandi reglugerðarheimild bætt við heimild til að kveða á um hlutlæga mælikvarða, mat á árangri og nýja og endurnýjaða samninga sem gerðir eru frá og með árinu 2020 auk samspils við almennan byggðakvóta skv. nýrri 15. gr. b. Eins og að ofan greinir er hér m.a. gert ráð fyrir að núverandi samningar Bygðastofnunar haldist óbreyttir en að sveitarfélög geti samið um að nýta almennan byggðakvóta vegna tiltekins byggðarkjarna sem viðbót við nógildandi samninga. Þannig væri t.d. hægt að samnýta almenna og sértæka byggðakvótann innan sama verkefnis.

Þá er sú breyting gerð frá nógildandi 10. gr. a laganna að felld er brott tilvísun til einstakra tegunda nytjastofna og að þær skuli sæta frádrætti en sú regla mun leiða af nýrri 2. mgr. 8. gr. laganna, sbr einnig nýja 15. gr. a.

Um nýja 15. gr. d.

Í nógildandi 6. gr. a er fjallað um strandveiðar. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaafلامarks þeirra skipa er þær veiðar stunda. Hverju skipi er heimilt að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst og samkvæmt tilteknum skilyrðum sem eru m.a. nánar útfærð í reglugerð nr. 364/2020. Frá því að strandveiðum var komið á 2009 hefur afli aukist ár frá ári samhliða aukningu á ráðstöfun. Þó hefur ráðstöfun ekki að fullu verið nýtt nema árið 2020 þegar veiðar voru stöðvaðar 19. ágúst.

Eins og vikið var að í almennum athugasemdum er lagt upp með að ákvæði um nýtingu 5,3% aflaheimilda til sérstakra aðgerða sem nú er að finna í ýmsum greinum laga um stjórn fiskveiða verði dregin saman í einn kafla í lögnum og skapi þar skýrari grunn undir nýtingu þeirra og meðferð en nú er. Er því lagt til að ákvæði 6. gr. a laganna falli brott, sbr. 2. gr. frumvarpsins, og að efnisákvæði þess færist undir nýjan II. kafla A sem ný 15. gr. d. Vísast jafnframt til 3. töluliðar nýrrar 15. gr. a sem kveður m.a. um að tilgangur strandveiða sé að stuðla að fjölbreytni og veita tækifæri til nýliðunar í sjávarútvegi um land allt.

Er ákvæði 15. gr. d í megin atriðum efnislega óbreytt frá gildandi 6. gr. a laganna að öðru leyti en því að af henni leiðir að föstu hlutfalli, þ.e. 35,40% sem svarar til þess aflamagns í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. verði ráðstafað til strandveiða á hverju fiskveiðiári í stað þess að úthlutunin byggist á tillögu til þingsályktunar eins og nú er, sbr. 5. mgr. 8. gr. gildandi laga. Er lagt til að hlutfallið byggist á ráðstöfun ráðherra vegna fiskveiðiársins 2019/2020. Af tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða, sbr. 10. gr. frumvarpsins leiðir að hlutfallið yrði endurskoðað að 6 árum liðnum. Þá er einnig sú breyting gerð að felldur er brott sá áskilnaður laganna, sem kveðið er á um í nógildandi 1. tölul. 6. mgr. 6. gr. a, að óheimilt sé að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudag þar sem ekki verður séð að þörf á að löggjafarvaldið takmarki hvaða daga eigandi fiskiskips nýti til strandveiða að öðrum skilyrðum uppfylltum sbr. t.d. ákvæði reglugerðar 364/2020. Einnig er sú breyting lögð til í sama tölulið að í stað þess að vísa í almenna frídaga sé vísað í lögbundna frídaga.

Í greininni er lagt til að ráðherra skuli með reglugerð kveða nánar á um skiptingu landsvæða og aflaheimilda á tímabil og landsvæði. Með þessari breytingu er verið að færa þetta í sama farveg og var í eldri lögum fyrir samþykkt laga nr. 22/2019. Með breytingunni 2019 var fyrirkomulagi breytt þannig að allir mega veiða 12 daga í mánuði þar til heildarmagnnið er upp veitt og því er ekki lengur heimilt að skipta magninu niður á tímabil eða svæði.

Þegar litið er til strandveiða á síðast liðnum þremur árum þá er í upphafi tímabilsins afli góður og fínn fiskur á svæðum A og D en yfirleitt er smærri fiskur á svæðum B og C fyrstu mánuðina, þ.e. áður en stærri fiskur gengur inn á grunnslóð fyrir norðan og austan. Í töflu 2 hér að neðan má sjá hlutfall afla á hverju svæði sem tekinn er seinni helming tímabilsins, þ.e. í júlí og ágúst. Sjá má að árin 2018 og 2019 var þriðjungur afla á svæðum B og C tekinn á fyrstu tveimur mánuðum en $\frac{2}{3}$ aflans seinni hluta tímabilsins. Á svæði D voru um $\frac{2}{3}$ veiddir fyrstu 2 mánuðina en mun jafnara er hvernig aflinn kemur inn á svæði A.

Það er því ljóst að stöðvun veiða eins og gert var á þessu ári kemur hlutfallslega verst út fyrir þá sem stunda veiðar á svæðum B og C.

Tafla 2 Hlutfallsleg skipting strandveiða eftir svæðum árin 2018-2020

Svæði	2020	2019	2018
A	47%	46%	51%
B	53%	64%	65%
C	63%	66%	64%
D	36%	35%	38%

Heimild: Samantekt atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

Í ljósi reynslunnar á þessu ári þar sem strandveiðar voru stöðvaðar áður en tímabili lauk vegna þess aflaheimildir kláruðust og misjafna skiptingu á veiðum á svæðum milli mánaða þá þykir í ljósi jafnræðis rétt að færa fyrirkomulagið í fyrra horf og falla frá þeirri breytingu sem kom inn með samþykkt laga nr. 22/2019.

Um nýja 15. gr. e.

Í nágildandi 8. mgr. 11. gr. laganna er fjallað um línuveiðar og línuviltun, þ.e. þeirri reglu að afli sem veiddur er á línu reiknast ekki, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að fullu til aflamarks hlutaðeigandi báts. Með lögum nr. 22/2010, um breytingu á stjórn fiskveiða, var tekin upp sú regla að sé lína stokkuð upp í landi taki íviltunaregla einnig til þess afla sem á hana veiðist, þó þannig sé línu beitt í landi verði íviltunin meiri (20%) en þegar línan er stokkuð upp í landi (15%) og byggist það á því að beiting línu í landi skapar þar fleiri störf. Um línuviltun gildir jafnframt reglugerð nr. 677/2019. Ekki eru lagðar til breytingar á umræddu fyrirkomulagi en sbr. fyrri skýringar frumvarpsins er lagt til að ákvæði 8. mgr. 11. gr. laganna falli brott, sbr. 5. gr. frumvarpsins, og að efnisákvæði þess færist undir nýjan II. kafla A sem ný 15. gr. e.

Af ákvæði 1. mgr. leiðir að að föstu hlutfalli, þ.e. 10,92% sem svarar til þess aflamagns í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa sé ráðstafað til línuviltunar sem skuli skiptast innan hvers fiskveiðiárs með sama hætti og í nágildandi lögum, þ.e. með fjórum þriggja mánaða tímabilum. Er lagt til að hlutfallið byggist á ráðstöfun ráðherra vegna fiskveiðiársins 2019/2020. Kemur sú ráðstöfun í stað núverandi reglu um ráðstöfun byggða á þingsályktun sbr. 5. mgr. 8. gr. gildandi laga. Af tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða, sbr. 10. gr. frumvarpsins leiðir að hlutfallið yrði endurskoðað að 6 árum liðnum Vísast jafnframt til 3. töluliðar nýrrar 15. gr. a sem kveður m.a. um að tilgangur línuviltunar sé að stuðla að fjölbreytni og veita tækifæri til nýliðunar í sjávarútvegi um land allt.

Fram kemur í skýrslu starfshópsins til ráðherra að með aukinni tæknivæðingu hafi hagkvæmni þess að beita eða stokka línu í landi farið minnkandi og línuviltun hefur ekki verið nýtt að fullu. Þessar breytingar koma verst niður á þeim byggðarlögum þar sem löndum línuviltunar hefur verið mest, og munu þau áhrif væntanlega aukast með tímanum. Línuviltun er þó enn mikilvæg á mörgum stöðum og óráðlegt að leggja hana af að svo stöddu. Því er lagt til það nýmæli í nýrri 3. mgr. að ónýtt hlutfall línuviltunar á hverju þriggja mánaða tímabili færist sem almennur byggðakvóti til byggðarlaga í samræmi við hlutdeild þeirra í löndum. Þannig muni línuviltun haldast óbreytt fyrir þá sem geta nýtt sér hana, en hugsanlegur samdráttur í slíkum línuveiðum mun skila sér sem byggðakvóti til þeirra byggðarlaga sem verða fyrir skerðingunni. Aukist nýting línuviltunar hins vegar að nýju munu allar heimildirnar vera nýttar til hennar. Miða skal við meðaltal löndunar línuviltunar síðustu 3 ára eða meðaltal síðustu 10 ára frá og með fiskveiðiárinu 2019/2020 eftir því hvort meðaltalið er hagstæðara fyrir viðkomandi byggðarlag. Sjá má umrædda skiptingu í skýrslu starfshópsins í töflu í Viðauka VIII, sbr. töflu 3. Þá er að lokum kveðið á um að ráðstöfun þess aflamagns sem færist sem viðbót við almennan byggðakvóta, þ.e. ónýtt hlutfall línuviltunar, fari eftir reglum 15. gr. b. um almennan byggðakvóta.

Tafla 3 Hlutdeild í línuviltun 2009/2010-2018/2019

Byggðarlag	Mannfjöldi		Hlutdeild í löndun línuviltunar				Leiðrétt fyrir mannfjölda	
	1.1.2019	Sl. 3 ár	Sl. 10 ár	Hærri tala	Hlutfall	Hlutdeild	Hlutfall	
Akranes	7.463	64	68	68	1,6%	0	0,0%	
Akureyri	18.769	5	4	5	0,1%	0	0,0%	
Arnarstapi ^{a)}	0	71	86	86	2,0%	86	2,3%	
Árskógssandur	107	0	75	75	1,7%	75	2,0%	
Bakkafjörður	69	46	36	46	1,1%	46	1,2%	
Bíldudalur	208	14	15	15	0,3%	15	0,4%	
Blönduós	867	0	0	0	0,0%	0	0,0%	
Bolungarvík	931	590	870	870	20,2%	870	23,6%	
Borgarfjörður Eystri	77	73	69	73	1,7%	73	2,0%	
Breiðdalsvík	129	56	31	56	1,3%	56	1,5%	
Brjánslækur ^{a)}	0	1	1	1	0,0%	1	0,0%	
Dalvík	1.381	10	32	32	0,7%	20	0,5%	
Djúpivogur	364	134	131	134	3,1%	134	3,6%	
Dranganes	72	83	76	83	1,9%	83	2,3%	
Eskifjörður	1.040	5	7	7	0,2%	6	0,2%	
Fáskrúðsfjörður	702	0	1	1	0,0%	1	0,0%	
Flateyri	201	69	103	103	2,4%	103	2,8%	
Grindavík	3.423	94	125	125	2,9%	0	0,0%	
Grímsey	61	12	51	51	1,2%	51	1,4%	
Grundarfjörður	824	8	9	9	0,2%	9	0,3%	
Hafnarfjörður	29.799	5	35	35	0,8%	0	0,0%	
Hauganes	118	0	1	1	0,0%	1	0,0%	
Hofsós	142	13	23	23	0,5%	23	0,6%	
Hornafjörður	1.710	24	19	24	0,6%	7	0,2%	
Hólmavík	322	106	102	106	2,5%	106	2,9%	
Hrísey	167	0	43	43	1,0%	43	1,2%	
Húsavík	2.323	4	10	10	0,2%	0	0,0%	
Hvammstangi	573	0	12	12	0,3%	12	0,3%	
Ísafjörður	2.706	11	56	56	1,3%	0	0,0%	
Keflavík	18.920	1	6	6	0,2%	0	0,0%	
Kópasker	121	0	1	1	0,0%	1	0,0%	
Kópavogur	36.975	1	12	12	0,3%	0	0,0%	
Neskaupstaður	1.469	2	15	15	0,3%	8	0,2%	
Norðurfjörður ^{a)}	40	0	2	2	0,1%	2	0,1%	
Ólafsfjörður	787	18	8	18	0,4%	18	0,5%	
Ólafsvík	1.000	453	360	453	10,5%	453	12,3%	
Patreksfjörður	675	44	78	78	1,8%	78	2,1%	
Raufarhöfn	168	2	38	38	0,9%	38	1,0%	
Reyðarfjörður	1.348	0	1	1	0,0%	0	0,0%	
Reykjavík	128.793	13	18	18	0,4%	0	0,0%	
Ríf	138	130	280	280	6,5%	280	7,6%	
Sandgerði ^{b)}	1.803	111	179	179	4,2%	35	1,0%	
Sauðárkrókur	2.612	8	4	8	0,2%	0	0,0%	
Seyðisfjörður	673	2	4	4	0,1%	4	0,1%	
Siglufjörður	1.184	106	251	251	5,8%	205	5,6%	
Skagaströnd	443	249	224	249	5,8%	249	6,7%	
Stykkishólmur	1.198	10	45	45	1,0%	36	1,0%	
Stöðvarfjörður	181	44	48	48	1,1%	48	1,3%	
Suðureyri	264	247	270	270	6,3%	270	7,3%	
Súðavík	168	2	2	2	0,0%	2	0,1%	
Tálknafjörður	239	47	82	82	1,9%	82	2,2%	
Vestmannaeyjar	4.301	3	10	10	0,2%	0	0,0%	
Vopnafjörður	527	3	6	6	0,1%	6	0,2%	
Þingeyri	249	0	3	3	0,1%	3	0,1%	
Þorlákshöfn ^{b)}	1.654	43	46	46	1,1%	16	0,4%	
Þórshöfn	369	30	15	30	0,7%	30	0,8%	
SAMTALS	280.847	3.069	4.096	4.303	100,0%	3.686	100,0%	

a) Ekki byggðarkjarni skv. Hagstofu Íslands. b) Tilheyrir vinnusóknarsvæði höfuðborgarsvæðisins (svæði 30) skv. Bygðastofnun.

Heimild: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2020). Endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflheimilda. Skýrsla starfshöps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta. Tafla 8 bls. 60.

Um nýja 15. gr. f.

Í nágildandi 6. gr. laganna er fjallað um frístundaveiðar, sbr. einnig ákvæði reglugerðar nr. 753/2019. Er hugtakið notað um þrenns konar veiðar:

1. Hugtakið er notað um fiskveiðar til eigin neyslu í frístundum sem eru heimilar án sérstaks leyfis.
2. Hugtakið er notað um opinber sjóstangveiðimót þar sem aflinn er fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.
3. Hugtakið er notað um fiskveiðar í tengslum við ferðaþjónustu gegn gjaldi sem rennur í ríkissjóð

Framangreind hugtakanotkun er nokkuð villandi, enda eru fiskveiðar í tengslum við ferðaþjónustu stundaðar í atvinnuskyni þótt ferðamennirnir taki vissulega þátt í þeim í frístundum sínum. Því er lagt til að úthlutun vegna fiskveiða í tengslum við ferðaþjónustu verði nefnd „veiðar í tengslum við ferðaþjónustu“ í lögnum þannig að það sé skýrt afmarkað að ráðstöfunin eigi eingöngu við um veiðar í atvinnuskyni í tengslum við ferðaþjónustu. Fiskveiðar til eigin neyslu og opinberra sjóstangveiðimóta eru utan aflamarks og teljast því ekki til atvinnu- og byggðakvóta. Ákvæði 15. gr. f frumvarpsins er efnislega óbreytt frá 3. – 10. mgr. 6. gr. gildandi laga fyrir utan þá breytingu, sem kveðið er á um í 3. mgr., að ráðstafa skuli föstu hlutfalli, 0,94% sem svarar til þess aflamagns í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. til slíkra veiða á hverju fiskveiðiári, í stað núverandi reglu um ráðstöfun byggða á þingsályktun sbr. 5. mgr. 8. gr. gildandi laga. Af tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða, sbr. 10. gr frumvarpsins leiðir að hlutfallið yrði endurskoðað að 6 árum liðnum. Vísast jafnframt til 3. tölulíðar nýrrar 15. gr. a sem kveður m.a. á um að tilgangur slíkra veiða sé að stuðla að fjölbreytni og veita tækifæri til nýliðunar í sjávarútvegi um land allt. Þykir jafnframt fara betur á því að slíkar veiðar séu nefndar veiðar í tengslum við ferðaþjónustu eins og áður greinir og að ákvæðin færist undir nýjan II. kafla A sem hefði jafnframt í för með sér að 3. – 8. mgr. 6. gr. laganna falli brott, sbr. 2. gr. frumvarpsins.

Um nýja 15. gr. g.

Á undanförunum árum hafa komið fram hugmyndir um að nýta beri byggðakvóta með fjölbreyttari hætti en til þess einungis að byggja upp fiskvinnslu í einstökum litlum byggðarkjörnum Með ákvæði 6. gr. frumvarpsins um nýja 15. gr. g. er lagt til það nýmæli að heimilt verði að semja um nýtingu almenns byggðakvóta eða aflaheimilda vegna ónýttar línuívilnunar til tilraunaverkefna um aukna fjölbreytni atvinnulífs innan vinnusóknarsvæða. Með vinnusóknarsvæði er átt við vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða á Íslandi samkvæmt greiningu Bygðastofnunar og atvinnuþróunarfélaga landshlutanna, sbr. t.d. viðauka IV í skýrslu starfshópsins sem skilaði tillögum til ráðherra sem vikið er að í almennum athugasemdum. Slík svæði daglegar vinnusóknar geta spannað fleiri en eitt sveitarfélag eða verið hluti af starfssvæðum í fleiri en einum landshlutasamtaka sveitarfélaga, en jafnframt geta verið fleiri en eitt vinnusóknarsvæði innan sama sveitarfélags eða landshlutasamtaka.

Í 2. mgr. nýrrar 15. gr. g er kveðið á um að ráðuneytið geti falið Bygðastofnun eða öðrum opinberum aðila umsýslu með slíkum verkefnum. Gerðir skuli samningar til allt að 6 ára í senn frá og með árinu 2020 milli ráðuneytisins, Bygðastofnunar, landshlutasamtaka og einstakra sveitarfélaga um verkefni til að auka fjölbreytni atvinnulífs innan vinnusóknarsvæða. Þó er sú takmörkun sett að hámarksfjöldi verkefna á hverjum tíma skal vera fimm. Í slíkum samningum geta t.d. falist tilfærslur á aflaheimildum milli byggðarkjarna innan sama vinnusóknarsvæðis, enda sé sambærilegum verðmætum ráðstafað til að efla aðra atvinnustarfsemi í þeim byggðarkjarna sem heimildunum var úthlutað til. Ekki er hins vegar ætlunin að sveitarfélögum verði veitt heimild til að leigja frá sér byggðakvóta og nýta fjármunina til óskyldra verkefna, heldur verði í ákveðnum tilvikum t.d. hægt að semja um eflingu sjávarútvegs á vinnusóknarsvæðinu í stað byggðarkjarnans. Íbúum byggðarkjarnans gefist þannig kostur á því að sækja vinnu við veiðar eða vinnslu í nálægum byggðarkjarna. Þannig geti sjávarútvegur eflst á vinnusóknarsvæðinu samhliða því að stuðlað verði að uppbyggingu annarrar atvinnustarfsemi. Í þessu gæti falist að fyrirtæki sem njóta góðs af tilfærslunni leggi fé til eflingar annarrar atvinnustarfsemi í byggðarkjarnanum. Í þessu sambandi má benda á að samkvæmt nágildandi lögum eru greidd 80% af markaðsverði dagsins á undan fyrir afla frístundaveiða í tengslum við ferðaþjónustu. Slíkir samningar sem hér um ræðir skulu skilgreindir sem tilraunaverkefni sem valin verði úr umsóknum sveitarfélaga og ráðuneytið getur sett nánari reglur um skilyrði fyrir tilfærslu aflaheimilda, m.a. varðandi verðmæti sem ráðstafa skuli á móti og tegundir verkefna. Óháður aðili skal meta árangurinn af slíkum tilraunaverkefnum

heildstætt í lok tímabilsins sbr. tillögu frumvarpsins að nýju ákvæði til bráðabirgða sbr. 10. gr. frumvarpsins.

Um nýja 15. gr. h.

Lagt er til að í nýrri 15. gr. h, sem beri heitið „15. gr. h. Varasjóður vegna óvæntra áfalla.“, verði kveðið á um að fast hlutfall aflaheimilda verði tekið til hliðar í varasjóð. Þannig skuli ráðherra á hverju fiskveiðiári ráðstafa 8,10% sem svarar til þess aflamagns í óslægðum botnfiski sem tekið hefur verið til hliðar til atvinnu- og byggðakvóta sbr. 2. mgr. 8. gr. í varasjóð til að mæta óvæntum áföllum sem haft geta neikvæð byggðaáhrif í dreifðum sjávarbyggðum, sbr. 2. tölul. 15. gr. a Af tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða, sbr. 10. gr. frumvarpsins leiðir að hlutfallið yrði endurskoðað að 6 árum liðnum.

Með framangreindu muni ráðherra hafa tiltekna heimildir til ráðstöfunar þegar bregðast þarf hratt við neikvæðum byggðaáhrifum vegna óvæntra áfalla í sjávarútvegi. Slík áföll geti t.d. verið vegna breytinga í aflamarki einstakra tegunda, vegna samdráttar í sjávarútvegi í byggðarlögum sem háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski og vegna óvæntrar skerðingar heildaraflaheimilda fiskiskipa sem hafa verið gerð út eða landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum. Jafnframt yrði ráðherra heimilt að gera samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn um úthlutun samkvæmt þessari grein. Kveðið yrði á um í reglugerð um nánari skilyrði fyrir úthlutun samkvæmt greininni.

Því aflamagni sem lagt er til að ráðstafað verði á grundvelli þessarar greinar hefur á undanföllum árum verið ráðstafað til skel- og rækjubóta með reglugerð á grunni 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laganna. Verði frumvarp þetta að lögum munu heimildir ráðherra skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. falla niður og þar með skel- og rækjubætur. Þetta kann að valda því að einhver byggðarlög verði fyrir áhrifum þar sem atvinnulíf þeirra er verulega háð úthlutun aflaheimilda á þessum grunni. Því er ráðgert að samhliða brottfalli skelbóta verði áhrifum þeirrar breytingar mætt með úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein.

Þá er tekið fram að í lok hvers fiskveiðiárs skulu ónýttar heimildir skv. þessari grein færast sem viðbót við almennan byggðakvóta, sbr. 15. gr. b, og um ráðstöfun slíks aflamagns fari eftir reglum 15. gr. b. um almennan byggðakvóta.

Um 7. – 9. gr.

Með hliðsjón af því að nýr II. kafli A laganna kemur á eftir 15. gr., með átta nýjum greinum, sbr. 6. gr. frumvarpsins, þá verða núgildandi 15. gr. a – 15. gr. c að 15. gr. i – 15. gr. k. Þá verður II. kafli A. Sjávargróður, að II. kafli B. Sjávargróður. Breytast jafnframt tilvísanir til einstakra greina samkvæmt því.

Um 10. gr.

Í 10. gr. frumvarpsins er lagt til með tillögu að nýju ákvæði til bráðabirgða að ráðherra skuli fyrir 31. desember 2026 láta óháðan aðila meta árangur aðgerða samkvæmt 15. gr. a til 15. gr. h. og hvort þær hafi náð markmiði sínu. Jafnframt skuli meta fyrir lok tímabilsins hvort leggja þurfi fram tillögur til breytinga á lögnum, m.a. um innbyrðis skiptingu aflaheimilda skv. 15. gr. b – 15. gr. h, eigi síðar en 31. desember 2026.

Byggir framangreind tillaga á því að innbyrðis hlutföll í ráðstöfun umræddra 5,3% aflaheimilda milli einstakra verkefna skv. 15. gr. a – 15. gr. h. séu fest til næstu 6 ára. Nýtt ákvæði til bráðabirgða kveður á um endurskoðun þessa fyrirkomulags að 6 árum liðnum. Jafnframt gerir þessi tillaga ráð fyrir því að árangur mismunandi útfærslna verði metinn á grundvelli hlutlægra mælikvarða og að reglur um atvinnu- og byggðakvóta verði eftir atvikum endurskoðaðar í ljósi niðurstöðunnar.

Um 11. gr.

Með frumvarpinu er lagt til að settur verði skýrari rammur um úthlutun atvinnu- og byggðakvóta en nú er. Hluti tillagnanna er að föstu hlutfalli 5,3 % heildaraflamagns hvers árs verði úthlutað til tiltekinna ráðstafana, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að sú heimild sem ráðherra hefur nú samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga 116/2006 falli brott og þar með skel- og rækjubætur sem úthlutað hefur verið með reglugerð á grundvelli þeirrar greinar. Frá því að skel- og rækjubótum var fyrst úthlutað hefur verið gengið út frá því að um tímabundna ráðstöfun hafi verið að ræða til að mæta áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki þessara tegunda. Með þessu ákvæði til bráðabirgða er lagt til að þeim fyrirtækjum og byggðalögum sem hlotið hafa úthlutun á þessum grunni verði gefin tími til að aðlagast og bregðast við brottfalli þeirra með því að framkvæma það í tveimur skrefum yfir tveggja ára tímabil þar sem aflamagnið sem ráðstafað er til rækju- og skelbóta dragist frá því aflamagni sem ráðherra skal úthluta samkvæmt 15. gr. h á umræddum fiskveiðiárum. Þá er lagt til að ráðherra

setji í reglugerð nánari ákvæði um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein, m.a. varðandi hlutfall aflamagns sem skal skiptast á milli skipa í sömu hlutföllum og á fiskveiðiárinu 2019/2020, sbr. reglugerð nr. 678/2019.